

Skipulags- og byggingarfulltrúi Uppsveita bs.
Dalbraut 12
840 LAUGARVATN

Garðabær, 20. júlí 2023
Málsnúmer: 202307-0021
SS

Efni: Umsögn um lýsingu fyrir breytingu á aðalskipulagi Bláskógabyggðar vegna frístundasvæðis í landi Úteyjar 1

Vísað er í tölvubréf gegnum Skipulagsgátt, dags. 14. júlí 2023, þar sem skipulags- og byggingarfulltrúi Uppsveita bs. óskar eftir umsögn Náttúrufræðistofnunar Íslands um skipulagslýsingu vegna breytingar á Aðalskipulagi Bláskógabyggðar 2015-2027 og gerð nýrra deiliskipulaga varðandi frístundabyggð í landi Úteyjar 1.

Náttúrufræðistofnun hefur veitt umsagnir um önnur skipulagsáform á sömu slóðum, um skipulagslýsingu fyrir aðalskipulagsbreytingu og nýtt deiliskipulag í landi Úteyjar 2 vegna frístundabyggða þann 3. maí 2023 og um nýtt deiliskipulag fyrir frístundalóð í landi Úteyjar 1 þann 6. júlí 2023.

Í fyrri umsögnum sínum hefur ítrekað verið bent á verndargildi Laugarvatns og Apavatns og aðliggjandi votlendissvæða, sér í lagi fyrir auðugt fuglalíf en einnig votlendisvistgerðir af ýmsum toga. Í umsögninni um áformaðar frístundabyggðir í landi Úteyjar 2 hvatti stofnunin til þess að hugmyndir um frekari uppbyggingu austan Laugarvatnsvegjar yrðu endurskoðaðar, því annars yrði fórnað heillegum og fjölbreyttum votlendissvæðum. Það væri þvert á markmið landskipulagsstefnu um að ganga ekki að óþörfu á svæði sem eru verðmæt til náttúruverndar. Frekar ætti að horfa til þess að stækka hverfisvernd sem er á hluta svæðisins.

Þau áform sem eru hér til kynningar fjalla um fleiri svæði þar sem stefnt er að uppbyggingu á verslun og þjónustu og stækkun frístundabyggða. Frístundabyggð á reitum F32 og F37 verða stækkaðar og stefnt er að uppbyggingu á verslun og þjónustu norðan við lögbýlið næst Laugavatni. Ekki kemur fram hvernig verslun og þjónustu er um að ræða og hversu mikil uppbygging er áætluð í því samhengi. Laugarvatn er á gildandi náttúruminjasrá (C-hluta) og Náttúrufræðistofnun hefur einnig tilnefnt vatnið og votlendissvæði í nágrenni þess á B-hluta náttúruminjasrá. Svæðið hefur mikið verndargildi ekki síst fyrir fuglalíf sem er fjölskrúðugt. Uppbygging nálægt bökkum Laugarvatns getur ógnað fuglalífi og öðru lífríki ef hætta er á mikilli truflun eða raski á t.d. varpsvæðum fugla. Þar sem áformin eru óljós á þessu stigi áskilur Náttúrufræðistofnun sér rétt á frekari athugasemdum þegar deiliskipulagið liggur fyrir og er einnig tilbúin til frekari ráðgjafar varðandi áformaða uppbyggingu og starfsemi.

Þá er einnig minnst á áætlanir um að deiliskipuleggja „búgarðabyggð“ á svæðinu sunnan megin við Eyjaveg frá lóðinni Stórholti að jarðamörkum Úteyjar 2. Miðað við mynd 1 í greinargerð skipulagslýsingarinnar er um stórt svæði að ræða sem nær alveg suður að farvegi Djúpsins. Samkvæmt vistgerðakorti Náttúrufræðistofnunar Íslands er stór hluti þessa svæðis lítt raskað votlendi og í samfellu við votlendissvæði innan jarðar Úteyjar 2 að austan. Þetta votlendi fellur undir ákvæði 61. greinar laga um náttúruvernd nr. 60/2013 um sérstaka vernd. Er votlendið á þessu svæði eitt af fáum heillegum votlendissvæðum vestan megin við Apavatn og með mikið



verndargildi. Það er jafnframt mikilvægt búsvæði fugla en allt Suðurlandsundirlendið er skilgreint sem mikilvægt fuglasvæði og mjög mikið af búsvæðum fugla hefur verið raskað til þessa t.d. með framræslu votlendis og mikilli uppbyggingu frístundabyggða. Náttúrufræðistofnun hefur miklar áhyggjur af þessari þróun í nágrenni Apavatns og hvetur sveitarfélagið eindregið til að endurskoða þessi áform um að heimila stóra „búgarðabyggð“ í landi Úteyjar 1 sunnan Eyjavegar og horfa frekar til þess að efla vernd þess votlendis sem eftir er á svæðinu og skoða tækifæri til endurheimtar á framræstu votlendi. Ekki er hægt að útiloka að frekari röskun á votlendi á þessum slóðum muni hafa neikvæð áhrif á vatnsbúskap og lífríki Apavatns og aukin uppbygging frístundabyggðar mun fela í sér meiri hættu á truflun fyrir t.d. fuglalíf, fiska og annað lífríki í bæði Apavatni og Laugarvatni. Náttúra Apavatns og nágrennis er nú þegar nokkuð aðþrengd og sammögnunaráhrif ólíkra áforma um frekari uppbyggingu og starfsemi af ýmsum toga við vatnið geta verið töluverð og neikvæð ef ekki er varlega farið. Aftur er vísað í markmið Landskipulagsstefnu og mikilvægi þess að tekið sé tillit til náttúruverndar á svæðum sem skilgreind hafa verið með hátt verndargildi.

Náttúrufræðistofnun leggur jafnframt til að gerð sé greinargóð úttekt á náttúrufari, einkum fuglalífi og gróðurfari, á þeim svæðum sem áætlað er að taka undir frístundabyggð eða verslun og þjónustu. Þannig næst betri mynd um hver áhrif skipulagsbreytinganna verða.

Virðingarfyllst,



Snorri Sigurðsson
sviðsstjóri náttúruverndarsviðs

